



Nr.: 9/2024  
4. júní 2024

## Halli á viðskiptajöfnuði 40,8 ma.kr. á fyrsta fjórðungi 2024 – hrein staða við útlönd jákvæð um 41,4% af VLF

Á fyrsta ársfjórðungi 2024 var 40,8 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 11,7 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 26,2 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2023. Halli á vöruskiptajöfnuði var 55,7 ma.kr. en 13 ma.kr. afgangur var á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Frumþáttatekjur skiluðu 13,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 11,5 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2024 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2023/1</u>	<u>2023/2</u>	<u>2023/3</u>	<u>2023/4</u>	<u>2024/1</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-14,6</b>	<b>6,0</b>	<b>78,3</b>	<b>-29,2</b>	<b>-40,8</b>
Vöruskiptajöfnuður	-44,9	-83,4	-84,7	-77,5	-55,7
Þjónustujöfnuður	25,7	86,1	148,0	28,5	13,0
Jöfnuður frumþáttatekna	16,9	15,9	27,9	33,6	13,4
Rekstrarframlög, nettó	-12,4	-12,6	-12,9	-13,7	-11,5
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-1,3</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,7</b>	<b>-1,4</b>	<b>-0,8</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-45,0</b>	<b>-22,5</b>	<b>57,0</b>	<b>71,2</b>	<b>4,3</b>
Bein fjárfesting	-13,8	0,7	-125,1	98,8	0,0
Verðbréf	25,8	74,8	99,6	90,6	-201,8
Afleiður	-2,8	-2,6	-6,9	-3,7	0,1
Önnur fjárfesting	-32,3	-68,9	95,6	-118,5	86,2
Gjaldeyrisforði	-21,9	-26,4	-6,3	4,0	119,8
<b>Skekkiur og vantalið, nettó</b>	<b>-29,1</b>	<b>-27,6</b>	<b>-20,6</b>	<b>101,7</b>	<b>45,9</b>

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.775 ma.kr. eða 41,4% af vergri landsframléiðslu (VLF) og batnaði um 201 ma.kr. eða 4,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 6.194 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.420 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 4 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Erlendar eignir hækkuðu um 214 ma.kr. og skuldir um 210 ma.kr.

<sup>1</sup> Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, <https://sedlabanki.is/hagtolur/talnaefni/>

Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 201 ma.kr. og skulda um 5 ma.kr. og leiddu því til 196 ma.kr. betri hreinnar erlendrar stöðu. Gengi krónunnar hækkaði um tæp 0,5% miðað við gengisskráningarvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 8,5% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði lækkaði um 3%.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2023/4	Fjár- magns- jöfnuður	Gengis- og verðbreyt- ingar	Aðrar breyt- ingar	Staða í lok 2024/1
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>5.770</b>	<b>214</b>	<b>201</b>	<b>9</b>	<b>6.194</b>
Bein fjárfesting	979	21	0	0	1.001
Verðbréf	3.336	-26	207	0	3.517
Afleiður*	17	0	-8	0	9
Önnur fjárfesting	648	99	-1	8	755
Gjaldeyrisforði	790	120	3	0	912
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>4.197</b>	<b>210</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>4.420</b>
Bein fjárfesting	1.487	21	7	-4	1.511
Verðbréf	1.435	176	-4	0	1.606
Afleiður*	18	0	-3	0	14
Önnur fjárfesting	1.256	13	5	13	1.287
<b>Hrein staða þjóðar- búsins</b>	<b>1.573</b>	<b>4</b>	<b>196</b>	<b>1</b>	<b>1.775</b>
<b>% af VLF</b>	<b>36,7%</b>	<b>0,1%</b>	<b>4,6%</b>	<b>0,0%</b>	<b>41,4%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.